

# Margradda kliður að vestan

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur,  
Hafnarhúsi

Uncertain States of America

**Bandarísk list á þriðja árpúsundinu, samsýning bandarískra listamanna. Fram í janúar 2007. Opíð alla daga frá kl. 10-17. Aðgangseyrir: Fullorðnir 500 kr., eldri borgarar, öryrkjar og hópar (10+) 250 kr. Aðgöngumiðinn gildir samdægurs á Kjarvalsstaði og í Ásmundarsafn. Ókeypis á mánudögum.**

PREMENNINGARNIR Daniel Birnbaum, Gunnar B. Kvaran og Hans Ulrich Obrist ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þegar þeir takast á hendur leiðangur í leit að bandarískri list þriðja árpúsundsins, til lands sem samanstendur af fimmtíu ríkjum og telur 300 milljónir íbúa. Árangurinn getur nú að líta í Hafnarhúsi, farsýningu 44 listamanna sem breyttist milli stöðva.

List í Bandaríkjunum hefur verið nokkuð í brennidepli undanfarið ár vegna þeirra breytinga sem urðu í kjölfar atburðanna 11. september 2001. Evrópubúar eru forvitnir að sjá hvernig innfæddir bregðast við, við höfum fylgst með umdeildum viðbrögðum stjórnmálamanna en haft færri tækifæri til að sjá viðbrögð einstaklinga við breyttu andrúmslofti.

Vissulega svífur andi 11. september yfir vötnum í verkum sumra listamanna en þá kannski helst á óbeinan hátt. Einnig er stríðið í Írak að sjálfsögðu yrkisefni. Það er athyglisvert að sjá íhugul og ljóðræn viðbrögð við breyttum tímum, ekki síst í verki Pauls Chan, Birting. Hér myndgervist óreiða og óvissa samtímans á draumkenndan hátt. Ef til vill er list hans dæmigerð fyrir pólitíska list eins og hún gerist best í samtímanum, listamaðurinn er vel að sér í sögu Bandaríkjanna og viðburðum samtímans og honum



Morgunblaðið/Ásdís

**Vel heppnað „Uncertain States of America er metnaðarfullt verkefni og hér hefur nokkuð verið á sig lagt til að gefa breiða mynd af nýrri kynslóð,“ segir Ragna Sigurðardóttir um sýninguna í Listasafni Reykjavíkur.**

tekst að eima úr þekkingu sinni listrænan kjarna sem skilar sér til áhorfandans. Fleiri listamenn eru á svipuðum nótum; Jennifer Allora og Guillermo Calzadilla fjalla um átök um landsvæði, Jennifer Bernstein veltir fyrir sér neysluhyggju og framleiðslu, sömuleiðis Mika Rottenberg, en þessir listamenn

vinna allir með myndbandsmiðilinn. Aðrir vitna í list 20. aldar, popp og frásagnarlist hugmyndalistamanna, t.d. Nate Lowman, Karls Haendel, Wade Guyton og Kelley Walker. Popp-listin lifir hjá Jim Drain, Matt Johnson o.fl. Ímyndir samtímans eru viðfangsefni þeirra Edgars

Arcenaux og Rodney MacMillian þar sem þeir takast á við mynd Michaels Jackson.

Sýningin Pakkhús postulanna var eins konar undanfari þessarar sýningar og því verður ekki hjá því komist að einhver sam- anburður eigi sér stað; er hugs- unarháttur hérlendra annar en er-

lendra? Í báðum tilfellum er um unga listamenn að ræða, þeir amerísku eru þó valdir úr 300 milljóna samfélagi en þeir íslensku úr samfélagi 300 þúsund manna.

Helst sýnist mér að á amerísku sýninguna hafi valist verk listamanna sem vinna meðvitað með pólitískan samtíma sinn. Eðlilega sjá þeir sjálfa sig almennt í stærri samhengi en við gerum hér, og þá er átt við ákveðna tilhneigingu en ekki alhátt.

Uncertain States of America er metnaðarfullt verkefni og hér hafa menn lagt nokkuð á sig til að gefa breiða mynd af nýrri kynslóð. Lesefni með sýningunni er spennandi; bæklingur og textahefti sem vísar til þess sem þessir listamenn lesa í dag. Auðvitað fer ekki hjá því að sýningin sé val þremmenninganna en ekki handahófskenndur þverskurður, slíkt hefði litlu skilað. En það má hafa í huga að hér eiga mörg ríki engan fulltrúa. 19 listamenn starfa í New York og 12 í Los Angeles. Nokkrir hér og þar, tveir í Puerto Rico, tveir í Miami, einn í Chicago. Ég taldi ellefu konur með vissu en stundum er ekki ljóst af erlendum nöfnum hvort um konu eða karl er að ræða. Í heildina má segja að um tveir þriðju komi frá stórborgunum NY og LA og tveir þriðju séu karlkyns, um litarhátt er erfitt að segja.

En ekki er ástæða til annars en að vera nokkuð hjartsýnn á bandaríska list miðað við þessa sýningu, hér er það ekki markaðurinn sem er allsráðandi, né innihaldslaus endurtekning, listamennirnir eru ekki bundnir af ákveðinni listastefnu, formi eða innihaldi. Þeir eru heldur ekki að reyna að „sjokkera“ eða finna upp hjólið. Mætti ekki álykta sem svo að eftir allt þetta formbrölt 20. aldarinnar sé loks komið að innihaldinu?

Ragna Sigurðardóttir



Morgunblaðið/Ásdís

**Guðrún** Hún mælir með nýrri ævisögu um Romain Gary en hann er einn um að hafa unnið virtustu bókmenntaverðlaun Frakka, Goncourt, tvisvar sinnum.

## Learinn

Ég las nýlega meistaralega vel skrifaða ævisögu franska rithöfundarins Romain Gary eftir Dominique Bona. Hann fæddist í Rússlandi 1914 en flutti snemma með móður sinni til Póllands og á unglingsárum til Suður-Frakklands, þar sem hún rak gistiheimili. Það hefur verið ákaflega sérkennileg og merkileg kona, Nína, sem lifði fyrir það eitt og efaðist aldrei um, að föðurlausi drengurinn hennar ætti að verða mikill maður. Hún dó úr krabbameini árið 1942 og lifði því ekki að sjá son sinn verða stríðshetju, áberandi diplómat Frakka meðal annars í Ameríku, virtan rithöfund og merkilegan blaðamann sem ferðaðist um allan heim. Romain Gary er einn um að hafa unnið virtustu bókmenntaverðlaun Frakka, Goncourt, tvisvar sinnum, en reglum samkvæmt er aðeins hægt að hljóta þau einu sinni. Hann hlaut verðlaunin fyrst árið 1956. Átján árum og 21 bók síðar var honum enn tekið vinsamlega

en bækur eftir hann þóttu varla tíðindum lengur. Þá fékk hann kunningja sinn í Brasilíu til þess að senda frönsku forlagi handrit, sem var merkt höfundinum Émile Ajar. Í stuttu máli varð Émile Ajar stjarna og hlaut Goncourt-verðlaunin fyrir aðra bók sína, sem til er í íslenskrí þýðingu, *Lífð framundan*. Romain Gary fékk fjarskyldan frænda til þess að leika rithöfundinn og var það stórskemmtileg og flókin mylla og stóð sú blekking á meðan Gary lifði. Uppvöxtur hans, frami og tvö hjónabönd voru ævintýraleg, en í honum virðist alltaf hafa búið djúp sorg og hann stytta sér aldur árið 1980. Rúmu ári síðar kjaftaði frændinn frá því að hann hefði aðeins leikið Émile Ajar og þá fyrst var gefið út stutt handrit sem Gary hafði skilið eftir sig, þar sem hann segir söguna af rithöfundinum tilbúna. Það endar á þessum orðum: „Ég hafði gaman af þessu. Þakka ykkur fyrir og verið bless.“

Guðrún Vilmundardóttir ritstjóri



Ljósmynd/Kristinn Ingvarsson

**Jón Hallur** „Þessi tónlist býr til þyngdarlaust rými, hún vermann fyrir hávaða heimsins, stöðvar tímanna,“ segir Jón Hallur Stefánsson um *Alinu* eftir Arvo Pärt.

## Hlustarinn

Mest spilaða tónlistin á heimilinu þessa dagana er diskur með sérlega kyrrlátum verkum eftir Arvo Pärt, hann heitir *Alina* og *Jói* í Tólf tónum mælti með honum sem hinum fullkomna disk til að hlusta á við barnsfæðingu – sem reyndist hárrétt. Þessi tónlist býr til þyngdarlaust rými, hún vermann fyrir hávaða heimsins, stöðvar tímanna. Þangað til kominn er í heiminn rauðhærður drengur. Áður hafði ég gert eina tilraun, í sömu búið, til að láta benda mér á fæðingartónlist en tók ekki nógu skýrt til orða og gekk út með *Lost in Hildurness*, sólóplötu Hildar Ingveldar-Guðnadóttur – og stóðst ekki mátið að festa kaup í leiðinni á glænýrri íbm-plötu Jóhanns Jóhannssonar. Plata Hildar reyndist of óróleg en ég hlakka til að kynna henni á sínum eigin forsendum, einsog plötunni hans Jóa, sem er auðvitað snillingur. Enn einn óspilaður diskur uppi í hillu sem gaman verður að bregða undir geislann er Megasarlögin hennar Möggu Stínu. Fyrr í haust var ég að hlusta svoltið á Kemialiset Ystävät og fleiri finnska vitundarvikkara auk þess sem ég reyndi að verða mér úti um allt sem ég fann með Richard Youngs eftir að ég snarféll fyrir disknum hans *Naive Shaman*; Johnny Cash hitti líka í mark hjá mér með hinstá (?) lagasafninu sínu, *A hundred highways*, og bróðir minn og félagar hans í hljómsveitinni Fimmta herdeildin glöddu mig með disknum *Skipið siglir*.

Jón Hallur Stefánsson rithöfundur.